



Háskólinn á Hólum
Ársskýrsla 2020



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna og starfsþróun	3
Stoðþjónusta	4
Fjármála- og þjónustusvið	4
Tölvu- og tæknimál	4
Bókasafn	5
Kynningarmál	5
Deildir	7
Ferðamáladeild	7
Nám og kennsla	7
Sumarnám	8
Mannauður, stjórnun og innra starf deildar	10
Rannsóknir	12
Þjónusta og samstarf	14
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	17
Innra starf deildar	17
Nám og kennsla	20
Rannsóknir	20
Hestafræðideild	22
Almennt starf	22
Nám og kennsla	22
Áhrif COVID-19	24
Rannsóknir	25
Önnur verkefni	25
Kennslu- og framhaldsnámssvið	27
Rannsóknasvið	31
Starfsemi	31
Rannsóknavirkni	32
Viðauki I. Birtingar	33
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	40

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd nýtingu auðlinda og nýsköpun atvinnugreina. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburðastjórnunar, stjórnunar ferðapjónustu og móttöku gesta, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða, með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Starf háskólans var öflugt á árinu. Í mars lá fyrir niðurstaða úttektar erlendra óháðra fagaðila á starfi hans á þá leið að borið var traust til starfshátta og getu háskólans til að tryggja gæði námsgráða við hans sem og til starfshátta og getu hans til að tryggja gæði námsumhverfis nemenda. Óháðar ytri úttektir á gæðum starfshátta háskóla eru samfélagslega mikilvæg verkefni sem auka vegsemd og virðingu skólanna í íslenskum og alþjóðlegum samanburði. Öflugir íslenskir háskólar leggja grunn að gagnrýnni hugsun og eru drifkraftur rannsókna og nýsköpunar. Háskólinn á Hólum stóð fyrir opinni ráðstefnu um niðurstöður úttektarinnar á zoom og var markmið hennar að skapa vettvang fyrir nemendur, starfsfólk, hagaðila háskólans og fræðasamfélagið til þess að ræða niðurstöður úttektarinnar og gæðamál háskóla almennt. Ráðstefnan var rafræn og tók á annað hundrað manns þátt.

Lungann úr árinu einkenndist starf háskólans af takmörkunum sem starfi hans voru settar með reglum um sóttvarnir vegna heimsfaraldurs. Nemendur og starfsfólk háskólans sýndi mikinn sveigjanleika, lausnamiðaða hugsun, útsjónarsemi og þrautseigju. Álag á starfsfólk var mikið fyrir og jókst verulega með lokun háskólanna þann 16. mars og síbreytilegri starfsumgjörð það sem eftir lifði árs. Á sama tíma fjölgaði nemendum við háskólann og er það fagnaðarefni að einstaklingar sjá tækifæri í menntun í ferðapjónustu og viðburðastjórnun þrátt fyrir tímabundnar ferða- og samkomutakmarkanir óháð ferða- og samkomutakmörkunum.

Háskólinn á Hólum er stoltur þátttakandi í fræðastarfi íslenskra háskóla og leggur sig fram um að auka auð íslensk samfélags með kennslu og rannsóknum á fræðasviðum sem öll tengjast náttúru Íslands og menningu til sjávar og sveita.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stöðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Í háskólaráði sátu, auk rektors þau: Laufey Kristín Skúladóttir (Stefán Vagn Stefánsson varamaður), tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Óli Steingrímsson (Sveinn Ragnarsson, Anton Páll Níelsson og Guðrún Stefánsdóttir, varamenn) fulltrúar háskólasamfélagsins, Gunnlaugur Bjarnason (Kathrine Vittrup Andersen, varamaður) fulltrúi nemenda. Í ráðinu sátu og þeir Jón Eðvald Friðriksson og Sveinn Margeirsson (Sjöfn Guðmundsdóttir varamann þeirra), tilnefndir af ofangreindum fimm fulltrúum, samkvæmt lögum um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar, Guðmundur Björn Eypórsson fjármála- og skrifstofustjóri, Sveinn Ragnarsson deildarstjóri Hestafræðideildar og Ingibjörg Sigurðardóttir sem tók við deildarstjórn Ferðamáladeildar snemma árs af Laufeyju Haraldsdóttur.

Fjöldi starfsmanna og starfsþróun

Árið 2020 unnu 77 einstaklingar við Háskólann á Hólum, í 51,74 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist að hluta til af starfsmannaveltu og vinnu sumarstarfsmanna og framhaldsnema, m.a. tengt átaki stjórnvalda. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastráðnir starfsmenn við skólann voru 54, í 47,19 stöðugildum.

Starfsmenn ráðnir á árinu voru þau Steinar Sigurbjörnsson, Ísólfur Línal Þórisson, Guðný Zoëga, Paul Vincent Debes, Joseph Simon Philips, Jónheiður K. Sigurðardóttir og Hrafnhildur H. Guðmundsdóttir. Af störfum létu þau Anton Páll Níelsson, Inga María S. Jónínudóttir, Sina Scholz, Trausti Þór Freysteinnsson og Elizabeth Mittell. Eru þeim þökkun störf í þágu skólans.

Á árinu hlutu þrír starfsmenn háskólans framgang í starfi. Camille Anna-Lisa Leblanc hlaut framgang í stöðu dósents við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, David Roger Ben Haim í stöðu prófessors við Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Guðrún Stefánsdóttir hlaut framgang í stöðu dósents við Hestafræðideild. Háskólinn fagnar áfanga þeirra í starfi.



Frá samveru starfsfólks háskólans til heiðurs framgangi akademískra starfsmanna, þeirra Camille, Davids og Guðrúnar þann 1. júlí. (Ljósmynd EBÖ)

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Fjármála- og skrifstofustjóri er yfirmaður fjármálasviðs og hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir. Launavinnsla fer einnig fram á fjármálasviði.

Fjármála- og skrifstofustjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur umsjón með þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusvið heyrir tölvuþjónusta, staðarumsjón, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru 10 á árinu, í 8,58 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árabíl hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi, sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við

Reiknistofnun Háskóla Íslands (nú Upplýsingatæknisviði HÍ) og eru hýst þar. Veturinn 2020 var sett upp nýtt kennslukerfi (Learning Management System), eða Canvas og byrjað að innleiða það hjá háskólakennurum og nemendum. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna.

Eins og mörg undanfarin ár notaði skólinn póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Undirbúningur hófst á árinu á flutningi á póstkerfi frá Google til O365. Háskólinn er þátttakandi í Pólstjörnuverkefninu, um notkun samræmdra hugbúnaðarlausna fyrir opinberar stofnanir.

Zoom fjarfundahugbúnaður var notaður í miklum mæli á árinu. Jókst notkun á þeim hugbúnaði verulega vegna COVID-19, en frá 15. mars og út árið, var Zoom notað til allra fundahalda og einnig mikið til kennslu.


Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010 og voru starfsmenn safnsins með viðveru á Hólum í tengslum við staðbundnar lotur. Einnig veitti starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu með námskeiðum á Hólum og í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Háskólinn á Hólum tók þátt í Háskóladeginum í Reykjavík eins og áður, en nýjum Háskóladegi á Akureyri var aflýst vegna heimsfaraldursins COVID-19. Jafnframt var öflugt kynningarstarf á samfélagsmiðlum, í útvarpi og héraðsblöðum. Vegna átaks ríkisins um sumarnám, var settur aukinn kraftur í auglýsinga- og kynningarmál, þá aðallega í útvarpi og á samfélagsmiðlum.

Haustið 2020 hófst svo vinna við nýja vefsíðu háskólans í samstarfi við Stefnu ehf. Nýja síðan á að vera tilbúin í byrjun árs 2021.



Samvera starfsmanna á aðventu (Ljósmynd EBÖ)

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Líkt og í öðrum deildum skólans var árið 2020 að mörgu leyti óvenjulegt vegna COVID-19. Mikil reynsla nemenda og starfsmanna af fjarnámi og fjarkennslu komu sér vel og auðvelduðu deildinni að aðlagast nýjum aðstæðum. Takast þurfti á við nýjar áskoranir, í kennslu, og ástandið hafði nokkuð hamlandi áhrif á samstarfsverkefni, rannsóknir, heimsóknir fræðimanna og staðbundnar lotur nemenda. Ný tækifæri urðu jafnframt til en deildin fékk tækifæri til að bjóða umfangsmikið nám að sumri og að ráða sumarstarfsfólk til að aðstoða við rannsóknir í gegnum átaksverkefni stjórnvalda.



Frá deildarfundum ferðamáladeildar í október (Ljósmynd LH)

Nám og kennsla

Árið 2020 bauð ferðamáladeild nám á sex námsleiðum: Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun, BA í ferðamálafræði, BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta, MA í ferðamálafræði og MA í útivistarfræðum.

Kennsla í MA í útivistarfræðum hófst í fyrsta skipti haustið 2020. Námið er boðið í samstarfi við háskóla í Noregi og Svíþjóð: University of Southeast Norway í Bö og Norwegian School of Sports Science í Osló, ásamt Swedish School of Sport and Health Science í Stokkhólmi. Um er að ræða alþjóðlegt nám

sem fer fram í Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Fyrstu nemendur hófu nám í Svíþjóð haustið 2020. Námsleiðin er byggð upp sem staðbundið nám en fyrsta önnin var kennd í fjarnámi vegna COVID-19. Fyrsti nemendahópurinn mun koma til Íslands og dvelja á Hólum haustið 2021 ásamt því að taka verknám víðsvegar um landið.

Alls útskrifaðist 31 einstaklingur frá deildinni í júní og október. Alls brautskráðust 14 með diplómu í viðburðastjórnun, sjö með diplómu í ferðamálafræði, sjö með BA í ferðamálafræði og þrír með BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta.

Innritaðir nýnemar haustið 2020 voru 71: Sjö í diplóma í ferðamálafræði, 29 í diplóma í viðburðastjórnun, fimm í BA nám í ferðamálafræði, sex í BA nám í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta, 18 í nýtt meistaranám í útivistarfræðum (NoFri) og fimm gestanemar. Nemendur í sumarnámi deildarinnar voru samtals 144. Yfirlit yfir fjölda nemenda eftir námsleiðum má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Nemendafjöldi við Ferðamáladeild 25. ágúst 2020.

Námsleið	Alls innritaðir	Þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðastjórnun	39	29	14
Diplóma í ferðamálafræði	17	7	7
BA í ferðamálafræði	33	5	7
BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta	18	6	3
Meistaranám í ferðamálafræði	6	2	0
Samtals í reglubundnu námi	113	49	31
Sumarnám	144		
Samtals nemendur	257	193	31

Sumarnám

Sumarið 2020 tók Ferðamáladeild þátt í verkefni stjórnvalda um sértækt sumarnám háskóla í tengslum við erfiðar aðstæður á vinnumarkaði vegna COVID-19. Boðið var upp á sjö námskeið á grunnstigi háskólanáms, á sviði ferðamálafræða og viðburðastjórnunar. Næg þátttaka náðist í öll námskeiðin (lágmark 10 manns í hvert námskeið) þrátt fyrir að aðeins liði rúm vika frá því að kynning námsins og innritun hófst þar til loka þurfti fyrir skráningar. Voru nemendur alls 144. Sumir skráðu sig í fleira en eitt námskeið og voru skráningar í námskeið 171. Mikill áhugi var á viðburðastjórnunarnámskeiðunum tveimur sem boðið var upp á, en þar skráðu sig annars vegar 42 einstaklingar og hins vegar 27.

Meðalfjöldi skráðra nemenda í námskeiðin sjö var 25. Námskeiðin voru öll kennd í fjarnámi en nemendur komu heim að Hólum í staðbundna lotu í einu þeirra og héldu matartengdan viðburð.

Í samtölum við þá sem spurðu út í námið, og við innritaða nemendur, kom berlega í ljós sú mikla óvissa sem fólk bjó við varðandi atvinnu um sumarið. Því kom ekki á óvart að brottfall úr náminu var töluvert umfram það sem tíðkast á föstum námsleiðumskólans. Ýmsir aðrir þættir hafa einnig vafalítið spilað þar inn í en fyrri reynsla íslenskra háskóla bendir til að brottfall sé meira úr sumarnámi en námi sem fram fer að vetri. Samtals luku 50 nemendur ECTS einingum í þessu námi, en sumir kusu að nýta námið og námsefnið án þess að hljóta fyrir það einingar og eru því ekki með í þessari tölu. Af þeim sem luku einingum í náminu voru 82% konur og 18% karlar.

Verkefnið veitti fólki tækifæri til að nýta sumarið til náms. Sumir voru að halda áfram í sínu námi en aðrir voru að hefja nýja vegferð. Af þeim sem sáu um kennslu í sumarnámi voru tveir fastráðnir starfsmenn í hlutastarfi og fimm stundakennarar. Sumarnámið skapaði töluvert viðbótarálag á stoðkerfi og stjórnun skólans, sérstaklega kennslusvið en það var leyst farsællega.

Kennsla í sumarnámi hófst 8. júní og lauk 31. júlí. Var þar miðað við að sjúkra- og upptökuprófum sem og öllu námsmati væri lokið áður en reglubundin kennsla skólaársins 2020-2021 hæfist og að kennslutímabilið rúmaðist innan settra viðmiða ráðuneytis mennta- og menningarmála. Í töflu 2 má sjá nánari upplýsingar um þau námskeið sem boðin voru.

Tafla 2. Yfirlit yfir námskeið sem boðin voru í sumarnámi HH 2020 og kennara þeirra.

Heiti námskeiðs	Einingar (ECTS)	Kennari	Staða
VBS2106170 Viðburðastjórnun	6	Áskell Heiðar Ásgeirsson	Stundakennari
VOS2206170 Viðburðastjórnun og samfélag	6	Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir	Stundakennari
HFU2306180 Hönnun ferða-þjónustuumhverfis	6	Kjartan Bollason	Fastráðinn í hlutastarf
FAL3506120 Fagmennska í leiðsögn	6	Evelyn Kuhne	Stundakennari
SOS2706120 Sveitir og sjávarbyggðir	6	Berghildur Fanney Hauksdóttir	Stundakennari
MOM2606120 Matur og menning	6	Puríður Helga Jónasdóttir	Stundakennari
GGV1506120 Gestamóttaka, gisting og veitingar	6	Þórir Erlingsson	Fastráðinn í hlutastarf

Mannauður, stjórnun og innra starf deildar

Deildarstjóri við upphaf árs var Laufey Haraldsdóttir. Á vormánuðum var kosinn nýr deildarstjóri. Við starfinu tók Ingibjörg Sigurðardóttir lektor en Laufey Haraldsdóttir tók við sínu fyrra starfi sem lektor.


Við deildina störfuðu tveir prófessorar. Annar í 100% stöðu en hinn í 20% stöðu samhliða 100% stöðu við University of South-Eastern Norway, en viðkomandi lét af störfum í lok árs. Nýr lektor, Dr. Guðný Zoëga kom inn í 100% stöðu frá og með 1. janúar 2020 en sú staða hafði verið laus um nokkurra mánaða skeið. Á árinu gegndu því fjórir lektorar 100% starfi og einn í 80% stöðu. Við deildina starfa auk þess tveir starfsmenn í 50 og 60% stöðum sérfræðings og aðjúnkts. Sumarið 2020 var enn fremur ráðinn nemandi, Reynir Elías Einarsson til að aðstoða við rannsóknir. Var sú ráðning í gegnum átaksværfni Vinnumálastofnunar vegna COVID-19.

Fimmtán sérfræðingar sinntu stundakennslu, allir sem verktakar við kennslu ákveðinna námskeiða. Bakgrunnur og þekking stundakennara er fjölbreyttur. Eru þeir valdir til starfa út frá sérþekkingu sinni á ákveðnum viðfangsefnum og leggja þeir mikið af mörkum til að auka fjölbreytileika kennslunnar og tengja hana við atvinnulífið. Að vanda var nokkuð um gestakennara sem héldu staka fyrirlestra í námskeiðum. Nemendur tóku verknám víðsvegar um landið og voru leiðbeinendur þeirra fjölbreyttur hópur rekstraraðila í ferðapjónustu sem og viðburðastjórnendur.

Fjórir starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við Ferðamáladeild á árinu 2020 og þrír starfsmenn Ferðamáladeildar komu að kennslu í öðrum deildum skólans. Í Skagafirði búa fjórir af tíu starfsmönnum, einn býr á Hvammstanga, tveir í Reykjavík, tveir á Suðurlandi og einn erlendis.

Deildarfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, utan júlí. Að öðru jöfnu eru þeir haldnir heima að Hólum en í einstaka tilfellum annars staðar og var t.d. einn fundur haldinn í Verinu Vísindagörðum á árinu. Flestir fundir þetta árið voru þó haldnir á Zoom vegna sóttvarna. Að jafnaði eru kennarar töluvert á Hólum utan reglubundinna funda. Þetta ár unnu þó flestir að miklu leyti heima og var því sú nýbreytni tekin upp að hittast vikulega í 10 kaffi á zoom og þótti það gefast vel.

Stundakennurum er boðið á deildarfundum og hafa margir nýtt sér það tækifæri til að kynna starfi deildarinnar betur. Stefnt er að því að efla tengsl við stundakennara enn frekar og fyrsti liður í því var sameiginlegur Zoom fundur allra kennara deildarinnar í byrjun desember þar sem meginmarkmiðið var að fastráðnir starfsmenn og stundakennarar kynntust betur og myndu efla tengslin.



Glatt á hjalla á netkaffi ferðamáladeildar 8. apríl (Ljósmynd. EÝK)

Í desember héldu starfsmenn jólasamveru á zoom þar sem Guðrún Helgadóttir prófessor var kvödd og henni þakkað mikið og gott starf fyrir deildina en hún lét af störfum um áramót eftir um 25 ára starf við deildina.

Fulltrúar nemenda á fundum deildarinnar á vorönn voru Bergrós Guðbjartsdóttir og Rebekka Hrafníttinna Níelsdóttir, á vorönn og á fyrri hluta haustannar Sýlvía Helgadóttir. Fulltrúar nemenda í námsnefnd voru Magnea Elínardóttir og Sigríður Rósa Bjarnadóttir (vorönn).

Deildin tók virkan þátt í starfi skólans s.s. við gerð samskiptasáttmála, stefnu skólans, jafnréttisstefnu og öryggisáætlunar. Vinna að innra starfi deildar sneri m.a. að þróun meistaranámsins við hana auk þess sem að rýnt var í skipulag námskeiða og námsleiða en þó koma breytingar í fæstum tilfellum til framkvæmda fyrr en á næsta ári.



Starfsmenn bregða á leik og kynna sér tækifæri til afþreyingar í Skagafirði (Ljósmyndir: ÁHÁ og LH)

Rannsóknir

Mikil virkni var í rannsóknum við deildina á árinu og er þess vænst að hún skili sér í auknum fjölda birtinga á komandi árum. COVID-19 hafði nokkur áhrif á ráðstefnuferðir, tækifæri til gagnaöflunar og miðlun niðurstaðna í formi fyrirlestra.

Árið 2020 birtu starfsmenn deildarinnar ellefu rannsóknarskýrslur sem byggðu á starfi innan hennar. Einnig þrjá bókakafla, eina grein í ráðstefnuriti og tvo ritdóma. Starfsfólk deildarinnar flutti tólf fyrirlestra á vísindaráðstefnum innanlands og utan, sem og tvo opinbera boðsfyrirlestra.

Starfsfólk tók virkan þátt í rannsóknatengdu starfi utan deildar sem innan. Guðrún Helgadóttir sat í ritstjórn alþjóðlega fag tímaritsins Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism. Guðný Zoega tók sæti í ráðgjafarnefnd um mat á rannsóknum (e. Research Evaluation Advisory Committee) sem er undirnefnd gæðaráðs íslenskra háskóla. Ingibjörg Sigurðardóttir var fulltrúi deildar í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og tók sæti sem annar tveggja fulltrúa opinberu háskólanna í ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála skv. reglugerð 20/2020 en nefndin veitir Ferðamálastofu Íslands ráðgjöf um opinbera rannsóknastefnu í ferðamálum.

Starfsfólk deildarinnar vann að ýmsum rannsóknarverkefnum sem ekki verða öll tíunduð hér þó getið verði nokkurra þeirra. Árið 2019 gerði Ferðamáladeild í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála samning við Markaðsstofu Norðurlands, um vinnu að verkefni þar sem markaðssetning og ímynd Norðurlands (eystra og vestra) var rýnd. Verkefnið var styrkt af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir sátu í verkefnisstjórn sem stýrði faglegri þróun verkefnisins. Því lauk með útgáfu á þremur

rannsóknarskýrslum í upphafi árs 2020. Berghildur Fanney Oddsen Hauksdóttir meistaranemi við ferðamáladeild og stundakennari var höfundur skýrslunnar *Ummæli ferðamanna á Instagram, TripAdvisor og Facebook* og Elísabet Ögn Jóhannsdóttir stundakennari var höfundur skýrslanna *Ferðavenjur og viðhorf erlendra ferðamanna á Norðurlandi* og *Markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi*.

Einnig var á árinu 2019 undirritaður samstarfssamningur við Þjóðminjasafn Íslands um rannsóknir á torfhúsum. Samstarfsaðilar í verkefninu, auk Þjóðminjasafns voru Minjastofnun Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Sigríður Sigurðardóttir stýrði verkefninu og er höfundur þriggja rannsóknaskýrslna þar sem niðurstöður verkefnisins eru kynntar en þær komu út árið 2020. Þær heita: *Viðhorf til torfbygginga í ferðaþjónustu*, *Viðhorf til nytja- og minjagildis torfbygginga* og *Gestir meta torfbæi*.

Starfsfólk deildarinnar birtist allvíða í fjölmiðlum og kynnti sínar rannsóknir. Sem dæmi um slíkt má nefna að Sigríður Sigurðardóttir kom fram í Landanum á RÚV og sagði frá rannsókn sinni á torfhúsum og menningararfi þeim tengdum og Anna Vilborg Einarsdóttir sagði frá rannsókn hennar og Sigríðar á enskuslettum í ferðaþjónustu á Íslandi, í viðtali á sjónvarpsstöðinni Hringbraut.

Til stóð að halda ráðstefnuna *29th Nordic Symposium in Hospitality and Tourism Research* á Akureyri í september 2020 og námskeið fyrir doktorsnema á Hólum í tengslum við hana. Deildin undirbjó námskeiðið og átti fulltrúa í skipulagsnefnd og vísindanefnd ráðstefnunnar en henni var frestað um ár vegna COVID-19. Að undirbúningi unnu Guðrún Helgadóttir, Laufey Haraldsdóttir, Jessica Aquino og Ingibjörg Sigurðardóttir, ásamt samstarfsfólki frá Háskóla Íslands og Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Líkt og verið hefur stóð deildin fyrir opinni fyrirlestraröð undir heitinu Vísindi og grautur. Umsjón með henni hafði Jessica F. Aquino skólaárið 2019-2020. Við umsjón tóku á árinu þær Anna Guðrún Þórhallsdóttir og Guðný Zoëga. Haldnir voru fimm fyrirlestrar, ýmist heima á Hólum eða í gegnum fjarbúnað. Yfirlit yfir þá má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Erindi á opnu fyrirlestraröðinni Vísindi og graut.

Dagsetning	Fyrirlesari	Heiti erindis
29. janúar	Lella Erludóttir	Striving for sustainability and responsible tourism.
4. mars	Katrín Harðardóttir	Norðurstrandarleið (Arctic Coast Way).
31. mars	Jakob Frímann Þorsteinsson	Nature, value and place of outdoor education in Iceland.
4. nóvember	Lena Marie Heinze	COVID-19 as an opportunity for more sustainable tourism – A realistic expectation?
2. desember	Sigríður Sigurðardóttir	Viðhorf fólks gagnvart torfhúsaarfi þjóðarinnar.

Að venju sóttu starfsmenn deildarinnar um margvíslega styrki vegna rannsókna- og samstarfsverkefna. Mikil sókn var í alþjóðlega rannsóknarsjóði. Alls tóku starfsmenn þátt í 16 styrkumsóknum sem skiluðu styrkloforðum upp á um 104 milljónir. Stærstur hluti þess fjármagns er fyrir þrjú umfangsmikil verkefni sem styrkt voru af RANNÍS, NORA og National Science Foundation. Styrkloforðin eru fyrir verkefni sem standa frá einu til þriggja ára. Hluti fjármagnsins rennur til samstarfsaðila.

Þjónusta og samstarf

Á árinu tók deildin þátt í margvíslegu samstarfi á alþjóðavísu sem og innanlands. Einnig var unnið að samstarfsverkefnum innan stofnunar. Að vanda áttu starfsmenn sæti í ýmsum fastanefndum og stjórnnum innan skólans. Í framhaldsnámsnefnd sat Anna Guðrún Þórhallsdóttir, rannsóknanefnd, Guðný Zoëga og kennslunefnd Anna Vilborg Einarsdóttir. Í framkvæmdaráði sat fyrst Laufey Haraldsdóttir en Ingibjörg Sigurðardóttir frá lokum janúar. Hún átti jafnframt sæti í háskólaráði sem fulltrúi háskólasamfélagsins og í samstarfsnefnd háskólaráðs við Sveitarfélagið Skagafjörð. Guðný Zoëga sat í öryggisnefnd og Laufey Haraldsdóttir gegndi formennsku í jafnréttisnefnd frá 1. nóvember. Neyðarstjórn háskólans var skipuð eftir að fyrsta bylgja COVID-19 hófst en sæti í henni áttu þær Guðný Zoëga og Ingibjörg Sigurðardóttir.

Starfsfólk deildarinnar átti sæti í margvíslegum starfshópum innan skólans. Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Jessica Aquino og Kjartan Bollason unnu að skipulagningu meistaranáms í útivistarfræðum (NoFri), Þórir Erlingsson undirbjó móttöku nýnema og sat í námsnefnd ásamt Ingibjörgu Sigurðardóttur. Sigríður Sigurðardóttir sat í starfshóp um samskiptasáttmála, Laufey Haraldsdóttir sat í starfshóp um styttingu vinnuvikunnar og Jessica Aquino sat í starfshóp um málefni erlendra starfsmanna við skólann. Að stefnumótun háskólans unnu Jessica Aquino, Laufey Haraldsdóttir, Anna Guðrún Þórhallsdóttir og Guðný Zoëga, fyrir hönd deildarinnar og Kjartan Bollason sat í samtarsfshópi um vefsíðu háskólans.

Starfsmenn tóku jafnframt virkan þátt í nefndastarfi og ráðgjöf við atvinnulíf og fræðasamfélag innan lands og utan:

Anna Guðrún Þórhallsdóttir:

- ✓ *Meðlimur í KSLA (Kungl. Skogs- och Lantbruksakademien) í Svíþjóð og rýni á EB-LULUCF kerfinu (land use, land use change and forestry) í tengslum við Evrópureglur sem og rýni á næstu loftslagsskýrslu SP (Review of the IPCC report AR6 Climate Change 2021: Mitigation of Climate Change) fyrir KSLA.*

Anna Vilborg Einarsdóttir:

- ✓ *Hálendisnefnd, Umhverfisnefnd og Atvinnu-og menningarmálanefnd Rangárbings ytra.*
- ✓ *Millifundanefnd um endurskoðun samnings um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum í opinberu háskólunum.*

Guðný Zoëga:

- ✓ *Ráðgjafarnefnd um mat á rannsóknum (e. Research Evaluation Advisory Committee) - undirnefnd gæðaráðs íslenskra háskóla.*
- ✓ *Ráðgjafi vegna menningarminja fyrir faghóp 1 hjá Rammaáætlun 4 á vegum Umverfisráðuneytisins.*

Ingibjörg Sigurðardóttir:

- ✓ *Ráðgefandi nefnd um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála skv. reglugerð 20/2020.*
- ✓ *Stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum og Hjaltadals ferðaþjónustu ehf.*
- ✓ *Stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.*

Jessica Aquino

- ✓ *Stjórn Húnaklúbbsins.*

Kjartan Bollason

- ✓ *Seta í stýrihópi Markaðsskrifstofu Norðurlands um Norðurslóðaveg (e. Arctic Coast Way).*
- ✓ *Umsjón með landvarðaréttindum við Ferðamáladeild (samskipti við Umhverfisstofnun og utanumhald um landvarðanámsskrá).*

Laufey Haraldsdóttir:

- ✓ *Fulltrúi Háskólans á Hólum í Uarctic.*
- ✓ *Matarkistan Skagafjörður - ráðgjöf og rannsóknir.*
- ✓ *Ráðgjafi vinnuhóps: Nordic FIT (Nordic Food in Tourism) á vegum Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið, Ferðaklasinn og Matís stýra verkefninu á Íslandi.*
- ✓ *Stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum og Hjaltadals ferðaþjónustu ehf.*
- ✓ *Vottunarnefnd vottunarstofunnar Tún ehf sem vottar fyrirtæki í ferðaþjónustu skv. kröfum Vakans, gæða og umhverfiskerfi Ferðamálastofu.*

Sigríður Sigurðardóttir:

- ✓ *Formaður stjórnar Fornverkaskólans (fulltrúi Háskólans á Hólum).*
- ✓ *Stjórn Sögufélags Skagfirðinga.*
- ✓ *Varamaður í Minjaráði Norðurlands vestra (tilnefnd af Minjastofnun).*
- ✓ *Varamaður í stjórn Síldarminjasafns Íslands (tilnefnd af safnstjóra SÍ).*

Þórir Erlingsson

- ✓ *Forseti klúbbs matreiðslumeistara.*

Á árinu var unnið að ýmsu samstarfi s.s. varðandi sumarnámskeið tengt Svartárkoti í Bárðardal, mögulegu samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri, Sveitarfélagið Skagafjörð, Sögusýninguna 1238, Skíðasvæðið í Tindastól og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra svo nokkur dæmi séu tekin. Starfsmenn og stundakennarar tóku þátt í ýmsum málþingum og fundum varðandi stöðu og framtíð ferðaþjónustunnar.

Hér að ofan hafa aðeins helstu þættir í starfi deildar verið tíundaðir og margs er ekki getið. Öflugur mannauður og bjartsýni einkenndi starf deildar á árinu þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður og fjölþættar áskoranir í starfi.



Haustdagur ferðapjónustunnar 17. nóvember 2020. Davíð Jóhannsson hjá SSNV og Gústaf Gústafsson stundakennari ræða sjálfbærni í ferðapjónustu (Ljósmynd IS).

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Innra starf deildar

Eins og hjá mörgum öðrum þá verður árið 2020 lengi í minnum haft. Á fyrstu vikum ársins hafði slæmt vetrarveður umtalsverð áhrif á starfsemi deildarinnar. Ekki var alltaf unnt að komast í Verið, auk þess sem að mikil sjávarflóð náðu inn í aðstöðu deildarinnar. Blessunarlega varð ekki mikið tjón af þeim völdum. Í kjölfar COVID-19 sýkingarinnar þurfti deildin að endurskoða starfsemi sína. Ekki var unnt að halda staðbundnar lotur í námskeiðum í diplóma náminu. Þetta hafði töluverð áhrif á kennslu námskeiða, sem og möguleika nemenda til að hittast og mynda tengsl innan nemendahópsins. Allflestir erlendir starfsnámsnemendur sem stefndu að því að koma á vordögum hættu við, eða verkefnum þeirra var breytt í fjarvinnuverkefni. Starfsfólk og nemendur brugðust við þessu og fundu ýmsar frumlegar leiðir til þess að lágmarka áhrif COVID-19 á starfsemi deildarinnar hvort sem það sneri að kennslu eða rannsóknum, og munu sumar þessar leiðir nýtast til frambúðar.

Á haustönn innritaðist metfjöldi nemenda í diplómunám í fiskeldi, eða 25 nýnemar. Námsleiðin var endurskoðuð á árinu 2019. Helstu breytingarnar voru þær að inn kom nýtt skyldunámskeið, sem tekur á grunnþáttum efna -, eðlis-, og líffræðilegra forsendna fiskeldis. Leysir það af hólmi námskeið tengt bókhaldi og rekstrarfræði.

Í október voru þrjár doktorsvarnir við Háskóla Íslands sem allar tengjast Háskólanum á Hólum. Þann 9. október varði Ragnhildur Guðmundsdóttir, en Bjarni K. Kristjánsson var í leiðbeininganefnd hennar, ritgerð sína um örverur í lindum á Íslandi. Þann 14. október varði Hildur Magnúsdóttir verkefni sitt um stofnvistfræði beitukóns í Norður Atlantshafi. Leiðbeinandi hennar var Erla Björk Örnólfsdóttir. Þann 19. október varði svo Agnes-Katharina Kreiling, með Bjarna K. Kristjánsson sem leiðbeinanda, ritgerð sína um fjölbreytileika smádýra í íslenskum lindum. Allar höfðu þær staðið sig vel í námi sínu og störfum tengdum háskólanum. Þann 21. desember varði Matthew Brachmann, en Skúli Skúlason var í leiðbeininganefnd hans, ritgerð sína við Háskólann í Guelph, Kanada, um þróun svipgerðarbreytileika bleikjuafbrigða í íslenskum vötnum.

Tveir starfsmenn hlutu framgang á árinu, en David Benhaim fékk framgang í stöðu prófessors og Camille Leblanc í stöðu dósentis við deildina. Var þeim tímamótum fagnað með kökuveislu í Verinu.

Deildin hefur komið að verkefnum tengdum uppbyggingu náms í fiskeldi á öllum skólastigum. Sem lið í þessu hefur hún komið að alþjóðlegum verkefnum. Nýtt verkefni, Bridges, var styrkt um 4 milljónir Evra af Erasmus+ , þar sem um 350 þúsund Evra koma í hlut deildarinnar. Verkefnið er unnið í samstarfi skóla og fyrirtækja í Noregi, Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi og meginmarkmið þess er að bæta

kennslu í fiskeldi með áherslu á starfsnám í fiskeldisstöðvum. Í tengslum við verkefnið var auglýst eftir nýjum starfsmanni með þekkingu á tæknilegum lausnum í fjarnámi.

Á árinu hefur verið lögð sérstök áhersla á að efla bleikjukynbótaverkefni Háskólans á Hólum. Verkefnið hefur verið lykilrannsóknar- og þróunarverkefni deildarinnar síðan 1992 og sér bleikjueldi á Íslandi fyrir kynbættum hrognum. Ráðin var til starfa nýr lektor við deildina, Paul Debes, sem er sérfræðingur í magnbundnum erfðum. Mun reynsla hans og þekking nýtast beint inn í þróun og uppbyggingu verkefnisins. Einnig var skipuð ný stjórn yfir það og mun hún móta framtíðaruppbyggingu þess. Í stjórninni sitja Bjarni K. Kristjánsson, deildarstjóri (formaður), Paul Debes (frá Háskólanum á Hólum), Antti Kausi (Natural Resources Institute Finland, sérfræðingur í kynbótum), Jón Kjartan Jónsson (Samherja) og Árni Páll Einarsson (Matorku). Unnið var sérstaklega að því að fá verkefnið vottað hjá Global GAP, en tengt því var farið í mikla vinnu við greiningu og ritun á vinnu-, öryggis- og umhverfisferlum og vinnulagi. Einnig voru þróaðar aðferðir til erfðafræðilegrar kyngreiningar á íslenskri bleikju, sem nú er hægt að nýta fyrir kynbótastarfið.



Lítið til með bleikjuseiðum

Vegna COVID-19 var lítið um ráðstefnuferðir starfsfólks og nemenda deildarinnar. En þó var ráðstefna Nordic Oikos 2020 (Ecology in the Anthropocene) haldin í Hörpu í byrjun mars. Starfsfólk deildarinnar tók þátt í undirbúningi ráðstefnunar og einnig var almenn og virk þátttaka starfsfólks og nemenda deildarinnar á ráðstefnunni. Vegna COVID-19 fóru fræðafyrirlestrar deildarinnar á

föstudögum alfarið fram á netinu (Zoom), og góð reynsla fékkst af því að fá erlenda sérfræðinga til að halda erindi með þessum hætti.

Almennt má segja að starfsfólk og nemendur deildarinnar hafi nálgast COVID-19 faraldurinn af miklu æðruleysi. Farið var í víðfemar sóttvarnaraðgerðir (líkt og alls staðar annarstaðar) innan deildarinnar, þar sem að samskipti fólks (innan deildar og innan Háskólans á Hólum) voru lágmörkuð eins og kostur var, bæði þegar kom að vinnu og samskiptum utan hennar. Sérstaklega verður að nefna æðruleysi þeirra starfsmanna og nemenda sem koma erlendis frá og áttu ekki kost á að hitta fjölskyldur sínar um mjög langan tíma og máttu fylgjast með ástandi heimalanda sinna, sem oft var mjög slæmt, úr fjarlægð.

Til stóð að fram færi fagsviðsúttekt á deildinni í tengslum við gæðaráð íslenskra háskóla á árinu, en vegna COVID-19 var henni frestað um ár.

Á árinu komu til starfa við deildina Paul Debes, lektor (sjá ofar), Anthony Schultz, sem vann í hlutastarfi að verkefni tengdu kyngreiningu bleikju og Katharina Bremer, sem vann í hlutastarfi að verkefni tengdu tækjabúnaði fyrir umhverfislífeðlisfræði. Á árinu lét af störfum Elizabeth Mittel nýdóktor og er henni þakkað gott starf við deildina.



Mánudagsfundur deildar á tímum heimsfaraldurs (Ljósmynd BKK)

Nám og kennsla

Á árinu 2020 stunduðu 86 nemendur nám við deildina. Á árinu útskrifuðust sex einstaklingar úr diplómanámi. 25 einstaklingar hófu diplómunám í fiskeldi, sem er algjör metfjöldi nemenda og langt yfir meðalfjölda nýnema, sem hefur verið um sex á ári frá upphafi, árið 1984. Fjórir nemendur innrituðust í meistaranám, einn í Mar-BIO og þrír í meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði og voru á árinu alls 11 nemendur skráðir í það nám. Tveir nemendur í MAR-BIO, skráðir við erlenda háskóla, tóku námskeið við deildina á árinu. Til viðbótar við meistaranámið unnu 11 nemendur að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Þeir eru allir skráðir við aðra háskóla. Enn sem fyrr sóttu fjölmargir erlendir nemendur í að koma sem skipti- og verknámsnemendur til deildarinnar og voru þeir alls átta á árinu, en hluti þeirra vann verkefni sín frá heimaslóðum vegna COVID-19. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um langt árabil átt gott samstarf við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á árinu unnu fjórir nemendur skólans að rannsóknarverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar, en þeir höfðu áður verið þátttakendur í námskeiði á vegum hennar haustið 2019. Starfsmenn deildarinnar koma að kennslu við aðrar deildir Háskólans á Hólum, kenna þar í þremur námskeiðum, sem og fimm námskeiðum við aðra opinbera háskóla hérlandis. Hlutfall erlendra nemenda við deildina var á árinu um 25 %, sem er nokkur lækkun frá fyrri árum, og komu þeir frá 16 þjóðlöndum.

Rannsóknir

Enn sem fyrr var unnið öflugt rannsóknastarf við deildina í fjölmörgum verkefnum er tengdust sérsviðum hennar. Deildin er augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis og vatnalíffræði og komu fjölmargir innlendir og erlendir fræðimenn að rannsóknarverkefnum. Rannsóknastarf deildarinnar og rekstur rannsóknaaðstöðu í Verinu á Sauðárkróki er alfarið fjármagnað af sértekjum, sem koma að miklu leyti sem styrkir frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Á árinu fengust fjölmargir styrkir til rannsókna, frá bæði innlendum og erlendum styrktaraðilum. Almennt séð tókst rannsóknarstarf deildarinnar vel á árinu, þó svo að COVID-19 faraldurinn hafi gert það erfiðara og aukið verulega álag á starfsfólk og nemendur.

Deildin hefur markvisst unnið að uppbyggingu rannsóknaaðstöðu, sem var styrkt af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fram til ársins 2018. Nú er öll uppbygging rannsóknaaðstöðunnar kostuð af rannsóknarstyrkjum. Á árinu var byggð upp rannsóknastofa til vinnu með erfðaefni, þar sem hægt er að einangra það, magna upp og framkvæma einfaldar mælingar. Einnig var komið á fót aðstöðu fyrir ræktun á þörungum og lifandi fóðri og sett var upp viðamikil aðstaða til að halda mikinn fjölda af hornsílum í aðskildum búrum. Áfram var unnið að uppbyggingu rannsóknar-

aðstöðu til atferlissrannsókna og fenginn var til starfa sérfræðingur til að bæta notkunarmöguleika tækja til mælinga á efnaskiptum vatnadýra.

Afrakstur rannsókna deildarinnar hefur verið kynntur í ræðu og riti. Á árinu voru birtar 17 greinar í ISI tímaritum, auk þriggja greina í íslenskum tímaritum. Auk þess hélt starfsfólk og nemendur deildarinnar 18 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda, auk þess að sýna eitt veggspjald.

Hestafræðideild

Almennt starf

Starfið við Hestafræðideild háskólans á Hólum gekk mjög vel og aðsókn í námið var mikil. Hópur nemenda var alþjóðlegur og voru nemendur deildarinnar frá sjö þjóðlöndum árið 2020. Bakkalárnámið hefur styrkst í sessi sem alþjóðleg reiðkennaramenntun í Íslandshestaheiminum og er eitt sinnar tegundar. Námsleiðin hefur nú verið í boði í 10 ár og var hún uppfærð og endurskoðuð 2020. Helstu áherslur deildarinnar hafa verið að auka rannsóknavirkni með því að ráða inn fleiri vísindamenn sem og að koma á meistaranámi við hana.

Nám og kennsla

Alls stunduðu 60 nemendur nám við Hestafræðideildina á árinu. Brautskráðust 13 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu og fimm með diplómugráðu.

Tuttugu nemendur voru teknir inn haustið 2020 og hófu þar með þriggja ára BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Háskólinn getur einungis tekið inn tæpan helming þeirra umsækjenda sem óska eftir að komast í námið, þó stór hluti þeirra standist inntökupróf. Undirbúningi að þróun MS náms var framhaldið á árinu og ákveðið að það yrði tvenns konar. Annars vegar nám þar sem rannsóknaverkefnið er 60-90 ECTS og hins vegar starfstengt meistaranám þar sem rannsóknaverkefnið er 30 ECTS en 90 ECTS teknar í námskeiðum sem og með starfstengdu námi s.s. vísindalegri þjálfun hrossa og æfingakennslu. Framhaldsnámið mætir þörf fyrir framhaldsmenntun einstaklinga sem hafa brautskráðst með BS gráðu í reiðmennsku og reiðkennslu og þeirra sem áhuga hafa á rannsóknanámi í hestafræðum. Einnig mun meistaranámið styðja við þá áætlun að efla rannsóknavirkni við deildina. Nám þar sem rannsóknaverkefnið er 60-90 einingar var samþykkt af Háskólaráði haustið 2020 og munu nemendur verða teknir inn á þá námsleið 2021.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku, í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins. Einnig var hin árlega kennsluvika sérlega vel heppnuð, þegar nemendur úr grunnskólum í Skagafirði koma í eina viku að Hólum, þar sem nemendur á 1. ári í Hestafræðideild kenna þeim hestamennsku.

Einn starfsmaður skólabús hætti störfum, Trausti Þór Freysteinnsson en í hans stað var ráðin Hallrún Ásgrímsdóttir. Einnig urðu breytingar á reiðkennarahópnum, þrír hættu störfum á árinu, Anton Páll Níelsson, Sina Scholz og Inga María Jónínudóttir. Í stað þeirra voru ráðin Konráð Valur Sveinsson, Steinar Sigurbjörnsson í fullt starf og Ísólfur Líndal Þórisson og Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir í hlutastörf.

Deildin byggði starf sitt að töluverðu leyti á stundakennurum og fylgdi því nokkurt óöryggi sem áhrif hafði á skipulag, þróun náms og rannsóknir.

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en er nú að aukast, 11 folöld komu í heiminn á Hólum 2020 sem er lágmarksfjöldi svo eðlileg endurnýjun skólahesta geta átt sér stað.

Góður árangur náðist með kynbótahross skólans á árinu í sýningum og voru fjórar hryssur sýndar og einn stóðhestur fór í sköpulagsdóm. Meðaleinkunnin var 8,05. Reiðkennarar kynntu einnig nokkur af hrossum skólans í keppni á árinu og gekk vel. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og ekki var hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta. Einnig hefur nú skortur á reiðhallaplássi takmarkandi áhrif á þróun skólans og skipulag kennslu.



Kynbótasýning – Mette Camilla Moe Mannseth, yfirreiðkennari, sýnir unga hryssu (Ljósmynd EJ)

Áhrif COVID-19

Heimsfaraldur COVID-19 hafði óhjákvæmilega mikil áhrif á starf deildarinnar. Frá 16. mars til 4. maí voru nemendur á 1. og 3. ári í fjarnámi en nemendur á 2. ári gátu hafið sitt verknám á tilsettum tíma í lok mars, eftir að hafa lokið námsmati í bóklegum námskeiðum á óhefðbundinn hátt.


Framkvæmd fjarkennslunnar tókst mjög vel, miklu betur en nokkur þorði að vona. Kennarar kenndu að mestu í gegnum forritið Zoom en einnig var notast við Youtube og Facebook þegar kom að sýnikennslu og verklegri þjálfun í reiðmennsku og reiðkennslu. Svo heppilega vildi til að kvikmyndatökumaður var búsettur á Hólum á þessum tíma og var hann fenginn til að starfa með kennurum deildarinnar á fyrstu dögum lokunarinnar. Það varð til þess að námsefnisgerð (myndbönd og streymi) hófst strax og hægt var að halda uppi verklegri kennslu með þessu nýja fyrirkomulagi. Notkun streymistækninnar varð til að opna fyrir aukna möguleika á aðkomu gestakennara, sem fluttu nemendum og kennurum fyrirlestra, m.a. frá bæði Bandaríkjunum og Danmörku.

Nemendur á 1. og 3. ári sneru til baka 4. maí og með framlengingu á náms- og prófatíma þeirra tókst að ljúka verkefnum skólaársins hjá öllum nemendum. Með því að fresta hluta af einu námskeiði (FOT2702) fram í september nægði að bæta tveimur vikum við skólaárið hjá 1. árs nemendum. Hjá nemendum á 3. ári var þremur vikum bætt við námstímann, og luku þeir síðustu prófunum að morgni brautskráningardagsins 5. júní. Enginn nemandi hætti námi vegna áhrifa af heimsfaraldrinum.

Þrátt fyrir að takmarkanir vegna COVID-19 hafi óhjákvæmilega dregið úr og jafnvel komið alveg í veg fyrir ferðalög tengd endurmenntun starfsmanna, þ.m.t. undir merkjum Erasmus+, þá má segja að sí- og endurmenntun þeirra hafi aldrei verið meiri, því þeir fóru strax að nýta sér og læra á nýjar leiðir, og sóttu ýmis fjarnámskeið sem voru þá stundum einnig í boði fyrir nemendur. Margar af hinum stafrænu lausnum í kennslu og námi á tímum COVID eru komnar til að vera.

Inntökupróf í reiðmennsku vorið 2020 voru haldin með hefðbundnum hætti og þó umsóknir um nám hafi skilað sér óvenju seint vegna ástandsins í heiminum þá var heildarfjöldi þeirra svipaður og fyrri ár. Eins og fyrr komu nokkrir umsækjendur erlendis frá sérstaklega til að þreyta inntökupróf við skólann.

Haustönn 2020 gekk nokkuð hefðbundið fyrir sig, þó gildandi sóttvarnareglugerðir hverju sinni hafi sett sinn svip á skólastarfið.



Fjarkennsla – myndbandsgreining á Zoom (Ljósmynd MMCM)

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Minna var um að starfsfólk sækti fundi og ráðstefnur vegna heimsfaraldursins.

Önnur verkefni

Þrjár kynbótasýningar á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins voru haldnar að Hólum á árinu, þetta er mesti fjöldi sýninga sem haldin hefur verið á Hólum og hefur staðurinn sannað sig sem einn besti sýningastaður landsins. Einnig eru tengsl skólans við hestamenn í héraði góð, hestamannafélagið Skagfirðingur hefur komið með hluta af sínum félagsmótum heim að Hólum og er þar vormótið sem tengt er reiðsýningu 3. árs nema við skólann orðið fastur liður. Að þessu sinni var reiðsýningu 3. árs nema streymt á Facebook svo foreldrar og aðstandendur um allan heim gátu fylgst með þrátt fyrir heimsfaraldur.

Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum, en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Eftir að bækur 1-4 voru þýddar á ensku hefur erlend þátttaka aukist verulega og vonir standa til þess að það muni enn

aukast með þýðingu og útgáfu á síðustu bókinni, bók 5, sem mun ljúka 2021. Þetta kerfi er einstakt á heimsvísu og nýtist hestamönnum í Íslandshestamennsku um allan heim. Starfsmenn deildarinnar tóku virkan þátt í skólastarfi þar sem einn starfsmanna gengdi formennsku jafnréttisnefndar háskólans fram á haust og sat einnig í nefnd um gerð Samskiptasáttmála. Starfsmenn deildarinnar tóku og virkan þátt í nefndarstarfi um stefnumótun háskólans til næstu fimm ára.

Deildarstjóri sat í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) móttaka gesta yfir sumarmánuðina sem gekk ótrúlega vel miðað við að lítið var um erlenda ferðamenn sem eru þó meginuppistaðan í gestum setursins, og b) fræðslu og sýningar tengdar menningu hestamanna sem að þessu sinni voru að mestu birtar í blaði Feykis.

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Hlutverk kennslusviðs er að halda nemendaskrá, kennsluskra og miðlun náms- og kennslutengdra upplýsinga til nemenda og kennara. Sviðsstjóri kennslusviðs, Hjördís Gísladóttir, er jafnframt sviðsstjóri framhaldsnámssviðs. Starfsmönnum sviðanna til fulltingis eru sérstakar nefndir, hvor á sínu sviði, kennslunefnd og framhaldsnámsnefnd, og bera þær meðal annars ábyrgð á gæðastjórnun námsins og koma enn fremur að inntöku nýrra nemenda. Um svið þessi og nefndir er fjallað í greinum 8 og 9 í starfsreglum Háskólans á Hólum.

Ekki hefur verið um reglulega fundi kennslunefndar að ræða á árinu. Einstök mál eru afgreidd með tölvupósti. Einstakir nefndarmenn koma auk þess að inntökuprófum umsækjenda sem óska eftir undanþágu frá stúdentsprófi, og að afgreiðslu umsókna um mat á fyrra námi. Framhaldsnámsnefnd nýtir einnig tölvupóst til afgreiðslu mála og hefur sú leið gefist vel. Þar er ekki síst um að ræða afgreiðslu umsókna um meistaranám. Sviðsstjóri heldur auk þess n.k. dagbækur eða annála nefndanna, þar sem nefndarmenn geta fylgst með framvindu þeirra mála sem snerta þeirra starfssvið.

Stærstan hluta ársins störfuðu tveir starfsmenn í 1,10 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði. Auk verkefnastjóra (sviðsstjóra) í fullu starfi er alþjóðafulltrúi í 10% stöðu. Verkefni hans snúast fyrst og fremst um aðstoð við nemendur og kennara í tengslum við Erasmus+. Alþjóðafulltrúi er Anna Guðrún Edvardsdóttir, sem einnig sinnir sérstökum verkefnum á öðrum sviðum. Undir lok árs bættist Þórunn Edda Bjarnadóttir við, í 10% stöðu, sem sérfræðingur í notkun Canvas-kennslukerfisins.

Námsráðgjafi í 20% stöðu (starfar annars hjá Lbhí og HÍ) vinnur náið með sviðsstjóra, en heyrir annars undir stöðsvið skólans. Starfinu gegnir Ástríður Margrét Eymundsdóttir.

Við Háskólann á Hólum er boðið upp á átta námsleiðir í grunnnámi. Allt nám í Hestafræðideild er staðnám, en grunnnámsleiðir í öðrum deildum eru einvörðungu í boði sem blandað nám, þ.e. fjarnám með staðbundnum lotum. Vegna sóttvarnaráðstafana í tengslum við COVID-19 voru þó engar staðbundnar lotur haldnar frá því í febrúar og út árið 2020. Í þeirra stað voru nemendur boðaðir á zoom-fundi.

Allt staðnám féll niður frá því um miðjan mars og fram í maíbyrjun. Á því tímabili fór bókleg kennsla í Hestafræðideild fram á zoom, og reynt var eftir föngum að halda nemendum við verklega hlutann, einnig með aðstoð zoom og annarra tæknilausna. Nemendur á 1. og 3. ári sneru til baka í nám snemma í maí. Með sameiginlegu átaki nemenda og starfsmanna tókst að ljúka skólaárinu í tíma fyrir brautskráningardag, sem um leið er formlegur lokadagur vorannar.

Verklegur hluti staðnáms á haustönn 2020 fór að verulegu leyti fram með nokkuð eðlilegum hætti, þó að sóttvarnir hafi sett því einhver takmörk; til dæmis varð að endurskoða allar áætlanir um

sýnikennslu fyrir stóra hópa. Til að byrja með leyfðist að halda uppi bóklegu námi, með því að tryggja 1 m bil milli nemenda, en með auknum kröfur um sóttvarnir færðist sú kennsla nánast alfarið á zoom, þó hægt hafi verið að nota íþróttasalinn í nokkrum tilvikum.

Bókleg próf í staðnámi voru haldin, en hverjum hópi nemenda dreift í 2 – 4 stofur, þannig að 2 m bil milli einstaklinga væri tryggt. Engin staðbundin fjarpróf voru haldin á haustönn og allt námsmat í F-deildum fór rafrænt fram.

Kennslukerfið Canvas var tekið upp við skólann á árinu, til samræmis við aðra opinbera háskóla. Nokkur tími sviðsstjóra (ásamt kerfisstjóra) fór í undirbúning innleiðingarinnar. Auk þess voru haldin nokkur fjarnámskeið fyrir kennara (á zoom) í notkun kerfisins. Hin fyrstu, í apríl-maí voru á vegum Instructure og ætluð nokkrum undanföllum úr kennarahópnum, sem væru tilbúnir að nota það til kennslu á haustönn og gætu síðan aðstoðað kollega úr sömu deild á vorönn 2021, þegar kerfið verður notað í öllum kenndum námskeiðum. Ein deild ákvað að taka Canvas upp í öllum námskeiðum þegar á haustönn. Í upphafi haustannar og tvisvar á meðan á henni stóð, var Þórunn Edda Bjarnadóttir, Canvas-sérfræðingur við LbhÍ, með námskeið í notkun kerfisins. Hún var á haustmánuðum ráðin í hlutastarf (10%) til að sinna aðstoð og leiðbeiningum um Canvas.

Vorið 2020 bárust alls 146 umsóknir um grunnnám, þar af 75 í Ferðamáladeild, 41 í Hestafræðideild og 30 í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Brautskráningar úr grunnnámi voru 55. Engir skiptinemar fóru utan frá Háskólanum á Hólum á árinu 2020, og engir skiptinemar komu hingað í bóklegt nám. (Sjá hins vegar síðar, um erlenda rannsóknaverknema). Fjórir gestanemar frá öðrum opinberum háskólum sóttu hér námskeið, og fjórir nemendur Háskólans á Hólum sóttu slík námskeið annað.

Yfirlit um brautskráningar og innritaða nemendur er að finna í töflu 4. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 15. október 2020 og nær yfir þá sem voru þann dag innritaðir til náms á háskólaárinu 2020 – 2021. Tölur um brautskráningar miðast við allt árið 2020.

Vegna tilmæla stjórnvalda og aðstæðna í þjóðfélaginu var boðið upp á sjö námskeið Ferðamáladeildar á sumarönn (kennsla stóð yfir 8. júní – 31. júlí). Alls sóttu 85 einstaklingar um þetta nám, en allmikið var um afföll (Tafla 5).

Af sömu ástæðum var ákveðið að bjóða upp á inntöku nýnema um áramót, á öllum námsleiðum í Ferðamáladeild og Fiskeldis- og fiskalíffræðideild (utan þeirra námsleiða sem reknar eru sameiginlega með öðrum háskólum). Alls bárust 29 umsóknir um grunnnám, þar af 12 í diplómunám í fiskeldisfræði og 17 í námsleiðir í Ferðamáladeild. 22 umsækjendum var boðin skólavist, og um áramót höfðu 17 manns staðfest komu sína til náms.

Tafla 4. Nemendafjöldi í grunnnámi 15. október.

Námsleið	Alls innritaðir	Þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðastjórnun	35	28	17
Diplóma í ferðamálafræði	10	7	4
BA í ferðamálafræði	31	6	7
BA í stjórnun ferðaþj. og mótt. gesta	19	6	3
Diplóma í fiskeldisfræði	31	23	6
Diplóma - leiðbeinendapróf			2
Diplóma í tamningum			3
BS í reiðmennsku og reiðkennslu	58	19	13
Alls	184	89	55

Tafla 5. Sumarnám við Háskólann á Hólum, nemendur í Ferðamáladeild.

Sumarnám 2020 - heildarfjöldi	
- umsókna um einstök námskeið	171
- staðfestinga á þátttöku í námskeiðum	144
- nemenda sem luku námskeiði	50

Alls lögðu 18 einstaklingar stund á meistaranám við Háskólann á Hólum á almanaksárinu 2020, þar af sjö í ferðamálafræði og 11 í sjávar- og vatnalíffræði. Enginn var brautskráður með meistaragráðu á árinu.

Þar fyrir utan eru nemendur sem voru innritaðir í þær tvær meistaranámsleiðir sem boðnar eru í samstarfi við aðra skóla. Á haustönn 2020 hófst kennsla á nýrri námsleið, MA í útivistarfræðum, við Ferðamáladeild. Námsleiðin er boðin í samstarfi við þrjár stofnanir í Noregi og Svíþjóð, og annast norski íþróttakennaraskólinn innritun allra nemenda en 18 manns innrituðust haustið 2020. Kennsluhluti Háskólans á Hólum hefst á árinu 2021. Hvað námsleiðina MARBIO varðar, fer innritun nemenda fram við einhvern einn samstarfsskólanna og að þessu sinni innritaðist einn nemandi á þessa námsleið, við Háskólann á Hólum. Tveir aðrir MARBIO-nemendur sóttu námskeið við skólann, auk inngangsnámskeiðsins sem kennt er við skólana alla.

Á árinu 2020 var samþykkt að hefja kennslu til meistaragráðu við Hestafræðideild, og verður hún í fyrsta skipti í boði frá og með skólaárinu 2021 - 2022.

Enn fremur er nokkrum doktorsnemunum leiðbeint af sérfræðingum Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Deildin tók einnig á móti nokkrum erlendum rannsóknaverknemunum á árinu. Frá þessum gestum er nánar greint í ársskýrslu deildarinnar.



Flaggað fyrir brautskráningarnemunum, október 2020, en sökum COVID-19 var brautskráningarathöfn felld niður (Ljósmynd EBÖ).

Rannsóknasvið

Starfsemi

Hlutverk rannsóknasviðs er að hafa yfirumsjón með samræmingu rannsókna skólans, og veita aðstoð við gerð umsókna og stýringu rannsóknaverkefna. Sviðstjóri er Skúli Skúlason prófessor og með honum starfar rannsóknanefnd sem í eru fulltrúar allra deilda: Fyrir Fiskeldis- og fiskalíffræðideild Ólafur Sigurgeirsson lektor, fyrir Hestafræðideild Víkingur Gunnarsson lektor og fyrir Ferðamáladeild Laufey Haraldsdóttir lektor og deildarstjóri. Á árinu tók Guðný Zoëga lektor sæti Laufeyjar. Rannsóknanefnd fundar reglulega og fundargerðir og önnur gögn eru vistuð á svæði rannsóknasviðs á UGLU.

Rannsóknasvið tók virkan þátt í undirbúningi og framkvæmd alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var rafrænt (Zoom) föstudaginn 28. ágúst. Ráðstefnan var í samstarfi Háskólans á Hólum og gæðaráðs íslenskra háskóla þar sem niðurstöður gæðaúttektar á starfi skólans voru kynntar og ræddar, samhliða umræðu um gæðamál íslenskra háskóla almennt og mikilvægi þeirra fyrir samfélagið. Á annað hundrað manns sótti ráðstefnuna sem tókst í alla staði vel. Þátttakendur komu víða að; úr háskólasamfélaginu, stjórnsýslunni, fyrirtækjum og stofnunum hérlendis og erlendis.



Við upphaf ráðstefnu um gæðamál þann 28. Ágúst (Ljósmynd EBÖ)

Rannsóknasvið kemur talsvert að sameiginlegum gæðamálun háskólanna; þannig er sviðsstjóri fulltrúi skólans í ráðgjafanefnd gæðaráðs og situr í nefnd um mat á rannsóknum á vegum gæðaráðs, Research Evaluation Advisory Committee (REAC). Þessi nefnd var endurskipulögð á árinu, og tóku Guðný Zoëga (aðalfulltrúi) og Víkingur Gunnarsson (varafulltrúi) sæti í henni sem fulltrúar Háskólans á Hólum. Skúli Skúlason hélt áfram í nefndinni sem fulltrúi ráðgjafanefndar gæðaráðs háskólanna.

Rannsóknasvið stóð fyrir viðburði fyrir starfsfólk og nemendur skólans 25. nóvember. Þar hélt **Philip Winn**, Emeritus Professor, University of Strathclyde, meðlimur í gæðaráði háskólanna og formaður REAC nefndar, fyrirlestur með titlinum: „Impact of Research on Society“. Góð þátttaka var í þessum viðburði, sem fór fram á Zoom.

Á árinu voru sértekjur skólans tengdar þekkingarstarfsemi um 111 m.kr. frá innlendum samkeppnissjóðum, aðallega Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís). Aðrar sértekjur vegna þekkingartengdrar starfsemi voru 80,4 m.kr.

Rannsóknavirkni

Rannsóknasvið hefur tekið saman upplýsingar um rannsóknavirkni starfsmanna og nemenda skólans undanfarin ár, sjá töflu 6 og viðauka I. Ljóst er að aðgerðir vegna COVID-19 höfðu mikil áhrif á þátttöku starfsmanna og nemenda í ráðstefnum og fundum, sem sést m.a. á því að færri opinberir fyrirlestrar hjá stofnunum, ráðstefnum og fundum voru haldnir borið saman við undanfarin ár.

Tafla 6. Rannsóknavirkni starfsmanna Háskólans á Hólum á árunum 2015-2020.

GERÐ BIRTINGAR	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Bókakaflar	5	1	7	1	2	4
Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum	9	11	9	20	15	21
Greinar í öðrum ritrýndum tímaritum og ritröðum	2	1	0	0	0	4
Greinar í ráðstefnuritum	3	1	1	1	0	0
Fyrirlestrar og veggspjöld á ráðstefnum og fundum	49	61	74	79	58	36
Ritstjórn bóka og tímarita	1	2	3	2	3	3
Skipulagning alþjóðlegra ráðstefna		1	1	0	0	3
Opinberir boðsfyrirlestrar		7	11	6	17	5
Fræðilegar skýrslur, ritdómar og aðrar greinar		8	1	2	9	14

Viðauki I. Birtingar

Bókakaflar

Anna Vilborg Einarsdóttir og Laufey Haraldsdóttir 2020. You Need to Consider How It Looks in the Eyes of the Guest”: The Work of Teenage Girls in Tourism in Iceland. In Andreas Walmsley et al. (eds). Tourism Employment in Nordic Countries (bls. 143-169). Cham: Palgrave Macmillan.

Aquino, J.F., and Kloes, G. M. H. 2020. Neolocalism, Revitalization, and Rural Tourism Development. In L. J. Ingram, S. L. Slocum, & C. T. Cavaliere (Eds.), Neolocalism and Tourism: Understanding A Global Movement. Goodfellow Publisher

Guðný Zoëga og Kimmarríe Murphy 2020. Resources, stress and response in late Viking Age Iceland. G. R. Schug (Ed.), The Routledge Handbook of the Bioarchaeology of Climate and Environmental Change (pp. 103-121). Routledge.

Henri Julius, Kerstin Uvnäs-Moberg og Sveinn Ragnarsson 2020. Am Du sum Ich.: Bindungsgeleitete Pädagogik: DasCare-Programm (245 bls.). (ISBN: 9798669304621)

Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum

Beck, S, V, K, Räsänen, Leblanc, CAL, S, Skúlason, ZO, Jónsson and BK, Kristjánsson 2020. Differences among families in craniofacial shape at early life-stages of Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). BMC Developmental Biology 20 DOI: 10.1186/s12861-020-00226-0

Bragança S. F. M., S. Broomé, M. Rhodin, S. Björnsdóttir, V. Gunnarsson, J. P. Voskamp, E. Persson-Sjodin, W. Back, G. Lindgren, M. Novoa-Bravo, C. Roepstorff, B. J. van der Zwaag, P. R. Van Weeren and E. Hernlund 2020. Improving gait classification in horses by using inertial measurement unit (IMU) generated data and machine learning. Sci Rep 10, 17785. <https://doi.org/10.1038/s41598-020-73215-9>

Benhaïm, D., Leblanc, C.A.L., Horri, K., Mannion, K., Galloway, M., Leeper, A., Knobloch, S., Sigurgeirsson, Ó. and Thorarensen, H., 2020. The effect of triploidy on the performance, gut microbiome and behaviour of juvenile Atlantic salmon (*Salmo salar*) raised at low temperature. Appl. Anim. Behav. Sci. 229, 105031. <https://doi.org/10.1016/j.applanim.2020.105031>

Debes, P. V., N. Piavchenko, J. Erkinaro, and C. R. Primmer. 2020. Genetic growth potential, rather than phenotypic size, predicts migration phenotype in Atlantic salmon. Proceedings of the Royal Society B: Biological Sciences 287(1931): 20200867. doi: 10.1098/rspb.2020.0867

Goodall, J., Hildur Magnúsdóttir, Snæbjörn Pálsson, Zopónías O. Jónsson and Erla Björk Örnólfsdóttir 2020. Emerging from the shell: development of the common whelk as a novel model of phenotypic variation. The Malacologist, 75: 15-21.

Guðmundsdóttir, R, A.-K. Kreiling, B.K. Kristjánsson, V.P. Marteinson and S. Pálsson. 2020. Ciliate diversity in cold water spring sources in Iceland. Aquatic microbial ecology 84: 191-203.

Imsland, A.K.D., Snorri Gunnarsson and Helgi Thorarensen 2020. Impact of environmental factors on the growth and maturation of farmed Arctic charr. Reviews in Aquaculture 12, 1689–1707.

Imsland A.K.D. Aðalheiður Ólafsdóttir, Jón Árnason, Arnþór Gústavsson, Helgi Thorarensen and Snorri Gunnarsson 2020. Effect of rearing temperature on flesh quality in Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). Aquaculture Research. 52: 1063–1070.

Kreilling, A.-K., O’Gorman, E. J., Pálsson, S., Benhaïm, D., Leblanc, C. A. L., Ólafsson, J. and Kristjánsson, B. K. 2020. Seasonal variation in the invertebrate community and diet of a top fish predator in a thermally stable spring. Hydrobiologia, 5. <https://doi.org/10.1007/s10750-020-04409-5>

Kreiling A.-K., G.M. Gíslason and B.K.Kristjánsson 2020. Trichoptera diversity in Icelandic springs. Zoosymposia 18: 046-052.

Christian Wurzbacher, Agnes-Katharina Kreiling, Sten Svantesson, Silke Van den Wyngaert, Ellen Larsson, Felix Heeger, Henrik R. Nilsson og Snæbjörn Pálsson. 2020. Fungal communities in groundwater springs along the volcanic zone of Iceland. Inland Waters 10, 2020.

Magalhaes, I. S., J. R. Whiting, D. D’Agostino, P. A. Hohenlohe, M. Mahmud, M. A. Bell, S. Skúlason and A.D.C. MacColl 2020. Intercontinental genomic parallelism in multiple three-spined stickleback adaptive radiations. Nature Ecology and Evolution. <https://doi.org/10.1038/s41559-020-01341-8>.

McCary, MA, JS Phillips, T Ramiadontsoa, LA Nell, AR McCormick, and JC Botsch 2020. Transient top-down and bottom-up effects of resources pulsed to multiple trophic levels. Ecology. doi:10.1002/ecy.3197

Moustakas-Verho, J. E., J. Kurko, A. H. House, J. Erkinaro, P. Debes, and C. R. Primmer. 2020. Developmental expression patterns of six6: A gene linked with spawning ecotypes in Atlantic salmon. Gene Expression Patterns 38,119149. doi: 10.1016/j.jep.2020.119149

Olk, Tom Robin, Henrik Jeuthe, Helgi Thorarensen, Jens Wollebæk and Espen Lydersen 2020. Brood-stock management and early hatchery rearing of Arctic charr (*Salvelinus alpinus* (Linnaeus)). Reviews in Aquaculture 12: 1595–1623.

Pilakouta, N, SS Killen, BK Kristjánsson, S. Skúlason, J. Lindstrom, NB Metcalfe and KJ Parsons 2020. Multigenerational exposure to elevated temperatures leads to a reduction in standard metabolic rate in the wild. Functional Ecology 34: 1205-1214.

Paccard, A., D. Hanson, YE Stuart, FA von Hippel, M. Kalbe, T. Klepaker, S. Skúlason, BK Kristjánsson, DI Bolnick, AP Hendry, and RDH Barrett 2020. Repeatability of adaptive radiation depends on spatial scale: Regional versus global replicates of stickleback in lake versus stream habitat. Journal of Heredity, 111: 43-56.

Poirier I, Benhaïm D, Poizot E, et al. 2020. Marine aggregates in North Atlantic coast: Microbial characteristics and potential interactions with farmed Atlantic salmon (*Salmo salar*). Mar Environ Res. 157: 104864. doi:10.1016/j.marenvres.2019.104864

Raffard, Allan, Lieven Therry, Fia Finn, Kamilla Koch, Tomas Brodin, Simon Blanchet and Julien Cote 2020. Does range expansion modify trait covariation? A study of a northward expanding dragonfy. Oecologia 192: 565–575.

Verta, J. P., P. V. Debes, N. Piavchenko, A. Ruokolainen, O. Ovaskainen, J. E. Moustakas-Verho, S. Tillanen, N. Parre, T. Aykanat, J. Erkinaro and C. R. Primmer 2020. Cis-regulatory differences in isoform expression associate with life history strategy variation in Atlantic salmon. PLoS Genetics 16(9): e1009055. doi: 10.1371/journal.pgen.1009055

Þorbjörnsson, J.G., J.H. Ólafsdóttir, B.K. Kristjánsson. C. Chambers and G. L. Burns 2020. Recreational scuba diving in a groundwater ecosystem: Disturbance mechanisms, ecological impacts and stakeholder perceptions. *Aquatic Conservation: Marine and Freshwater Ecosystems* 30: 1012-1022.

Greinar í öðrum ritrýndum tímaritum og ritröðum

Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason 2020 Iðnvæðing háskóla – Hvernig markaðs- og nýfjrálsbyggja mótar starfsemi háskóla á 21. öld. *Skírnir* 194: 177-196.

Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason 2020. Fjölbreytni og þróun bleikjunnar í Þingvallavatni. *Náttúrufræðingurinn* 90 (1): 126–138.

Skúli Skúlason 2020. Er syndin náttúruleg? Um mikilvægi heimsmynda og uppsprettu gilda. *Ritið* 20 (3): 141-178. DOI: 10.33112/ritid.20.3.7

Snæbjörn Pálsson, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Bjarni K. Kristjánsson, 2020. Líf í grunnvatni í hraunalindum Íslands. *Náttúrufræðingurinn* 90(1): 16-22.

Opinberir boðsfyrirlestrar

Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir 2020. Fyrirlestur (á íslensku) fyrir Landsliðið í hestaþróttum á zoomi 5.nóvember. Heiti fyrirlesturs: Fóðrun keppnishesta og staða þekkingar á líkamlegu álagi á íslenska.

Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir, 2020. Fyrirlestur (á íslensku) á zoom fyrir nemendur í Knapamerki 5 hjá Sigrúnu Sigurðardóttur Höfuðborgarsvæðinu, um efni kafla 3 þjálfunarlífeðlisfræði íslenska hestsins, Knapamerkjabók 5, 19.nóv.

Kasha Strickland, 2020. Invited seminar, Roehampton University, London. Niche construction and evolutionary stable strategies.

Kasha Strickland, 2020. Long-term Animal Research online seminar series. 10 years of data provides insight to the social behaviour of dragons.

Skúli Skúlason. 2020. The Century of the Gene. An invited lecture in the Friday Lecture series at the Department of Aquaculture and Fish Biology, Hólar University. 30. Október.

Fyrirlestrar á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og fundum

Anna Guðrún Þórhallsdóttir. Beitemark, skog og klíma. Erindi haldið á ráðstefnunni Norsk Landbruksráðgávings Konferanse 3. apríl 2020.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir og Laufey Haraldsdóttir. Aukin verðmætasköpun með framleiðslu á „grass fed“ afurðum. Haldið á ráðstefnunni Þjóðarspegli XXI 30. október 2020.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir. Karbonlagring í jord og beite. Erindi haldið á ráðstefnunni Beitekurset 2020 NMBU, 8. júní, Noregi. 2020.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir. Graslendi, sauðfjárbætur og kolefnisbinding. Erindi flutt á fagfundi Sauðfjárræktarinnar 28. febrúar 2020.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir. Beitolönd og kolefni. Erindi haldið fyrir RML ráðunautafundur. 17. janúar 2020.

Anna Vilborg Einarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttur. Tungumál í ferðaþjónustu. Málræktarþing, Íslenskrar málnefndar. 26. sept. 2020. Safnahúsinu, Reykjavík.

Benhaïm, D., Vernier, L., Kristjánsson, B.K., Leblanc, C.A-L. 2020. How does personality vary between morphs of Arctic charr ? The fourth conference of the Nordic Society Oikos, Ecology in the Anthropocene, Reykjavik, Iceland, 3 - 5 March 2020.

Bjarni K. Kristjánsson, Icelandic freshwater diversity in Space and Time. Icelandic Arctic Talks II: Iceland, and integrated part of the Arctic: +/- 50 years. 2020.

Bjarni K. Kristjánsson. Camille Leblanc and Katja Räsänen, The importance of ecological factors for population niche structure and the relationships between morphology and diet in fish populations, The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Camille Leblanc. Beyond genetics: phenotypic and developmental approaches to better understanding adaptive divergence in salmonids“. Key note speaker for „Evolution and Genetics“ session. NoWPas 2020 Meeting, Laugarvatn, Iceland, March 2nd-7th 2020.

Camille Leblanc, Skúli Skúlason, Katja Räsänen, Árni Einarsson, Michel Morrissey, Moira Ferguson and Bjarni K. Kristjánsson. Living in the lava: Ecology and evolution of Arctic charr in caves. The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Chauvat, C., Aquino, J., and Granquist, S. Values, opinions, and perceptions of visitors to inform management at seal watching related sites in Húnaþing vestra. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðaspegli XXI, 30. okt. 2020.

Chauvat, C., Aquino, J., and Granquist, S. Understanding Tourists Values to Improve Management and Protect Sensitive Seal Populations from Disturbance at Seal-watching Sites. Erindi flutt á ráðstefnunni Fourth conference of the Nordic Society Oikos 3-5 mars 2020.

Dellinger, M., Sprockel, E., Philip, J., Steele S., Pálson, D., Benhaïm, D. Tell me how you eat, I'll tell you who you are: how does feeding modalities affect personality distribution in the Arctic charr (*Salvelinus alpinus*)? The fourth conference of the Nordic Society Oikos, Ecology in the Anthropocene, Reykjavik, Iceland, 3 - 5 March 2020.

Elisabeth Jansen. Á vegum FEIF, Sport Judges Comittee, SJC. Erindi á dómara ráðstefnu, ágúst, 2020.

Elisabeth Jansen. Á vegum FEIF, Sport Judges Comittees, SJC. Erindi á dómara ráðstefnu, október, 2020.

Elizabeth Mittell, Bjarni K. Kristjánsson, Michael Morrissey and Camille Leblanc. Spatial variation in growth rate and survival in small replicated natural populations of Arctic charr. The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Guðný Zoëga og Kimmarie Murphy. The Living and the Dead: The Icelandic Household From Early Medieval to Historic Times. Haldið á ráðstefnunni Revolution 2020 Conference on Historical and Underwater Archaeology. Boston 8.-12. janúar 2020.

Horta-Lacueva, Q.J.-B, Benhaim, D., Snorrason, S., Desclos, A., Kapralova, K. 2020. Animal personality is linked to the adaptive diversification of Arctic charrs in Iceland. The fourth conference of the Nordic Society Oikos, Ecology in the Anthropocene, Reykjavik, Iceland, 3 - 5 March 2020.

Ingibjörg Sigurðardóttir. Samkeppnishæfni hestaferðapjónustu á Íslandi. Erindi haldið á ráðstefnunni Þjóðarspegi 30. okt. 2020.

Ingibjörg Sigurðardóttir. Hestaferðir sem hefð. Erindi haldið á ráðstefnunni Þjóðarspegi 30. okt. 2020.

Jessica Aquino. The Garden Project: Approaches to Youth Community Development and Place-Based Education. Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðaspegi XXI 30. okt. 2020.

JS Phillips, McCormick AR, JC Botsch & AR Ives. Feedbacks between primary production and ecosystem engineering by midges in Lake Mývatn, Iceland. Nordic Oikos 3-5 March 2020, Reykjavik, Iceland.

Kasha Strickland, Janet Mann and Celine Frere. Ecological niche partitioning in dolphins is driven by maternal transmission of habitat use. The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Katja Räsänen, Joseph Phillips, Kasha Strickland, Anthony R Ives, Blake Matthes, Zophonías O. Jónsson, Árni Einarsson, Antoine Millet, Coralie Delarue, Alessandra Schnider, Skúli Skúlason and Bjarni K. Kristjánsson. Eco-evolutionary dynamics in the wild: eco-evo-devo of Mývatn threespine stickleback. The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Laufey Haraldsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson. „Það sem ég kann best“ Könnun um afdrif brautskráðra nemenda úr ferðamálafræði og viðburðastjórnun við Háskólanum á Hólum og ferðamálafræði við Háskóla Íslands 2013-2018. Erindi flutt á Þjóðarspegi 30. okt. 2020.

Mette Mannseth. Fyrirlestur (á ensku) fyrir SIF Hestaíþróttadómara í Svíþjóð. Formens betydelse för takten i olika gångarter. 18. Janúar 2020.

Mette Mannseth. Sýnikennsla fyrir Félag tamningamanna á zoom. Gangtegundir og æfingar. 4. apríl 2020.

Mette Mannseth. Fyrirlestur fyrir Félag tamningamanna á zoom. Nálgun í reiðkennslu. 26. apríl 2020.

Sigríður Sigurðardóttir og Anna Vilborg Einarisdóttir. Tungumál í ferðapjónustu, Málræktarþing íslenskrar málnefndar, 21. sept. 2020.

Sigríður Sigurðardóttir, Anna Vilborg Einarisdóttir og Ágústa Þorbergsdóttir. Tungumál í ferða-þjónustu, Þjóðarspegi XXI, 30. okt. 2020.

Skúli Skúlason, Bjarni K. Kristjánsson, Camille Leblanc and Sigurður S. Snorrason. The importance of integrating ecological, evolutionary and developmental biology for our understanding of biological diversity and its conservation The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavik 2 – 5 March 2020.

Skúli Skúlason og Hilmar J. Malmquist. Vatnalíffræðirannsóknir á Íslandi. Málþing til heiðurs Gísla Má Gíslasyni: Vatnalíffræði og Náttúruvernd. Háskóli Íslands 28. febrúar 2020.

Skúli Skúlason. Þátttaka í pallborði á ráðstefnu Landsambands ungmennafélaga (í samstarfi við NORA) um líffræðilegan fjölbreytileika með áherslu á hafið. 21. febrúar 2020.

Stefán Ó. Steingrímsson, Larranaga N. & Fingerle A. Anthropogenic changes and behaviour of salmonids: Insights from Iceland. The fourth conference of the Nordic Society Oikos, alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík, 3.-5. mars 2020.

Veggspjöld á ráðstefnum

Alessandra Schnider, Katja Räsänen, Zophonías O. Jónsson, Blake Matthews and Bjarni K. Kristjánsson. Decoding ECO-EVO-DEVO processes: within and across generation plasticity of lake Mývatn threespine stickleback. The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavík 2 – 5 March, 2020.

Ritstjórn bóka og tímarita

Bjarni K. Kristjánsson: Meðritstjóri alþjóðlega tímaritsins *Environmental Biology of Fishes* <https://www.springer.com/life+sciences/ecology/journal/10641?detailsPage=editorialBoard>

Guðrún Helgadóttir: Seta í ritstjórn alþjóðlega tímaritsins *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*. <https://www.tandfonline.com/toc/sjht20/current>

Helgi Thorarensen: Seta í ritstjórn alþjóðlega tímaritsins *Aquaculture* <http://www.journals.elsevier.com/aquaculture/editorial-board>

Fræðilegar skýrslur, ritdómar og aðrar greinar

Anna Vilborg Einarsdóttir. Tungumál í ferðaþjónustu. Málfregnir, vefrit íslenskrar málnefndar, 18. árg. 1. tbl. 2020.

Aslaksen, I., Norderhaug, A. & Thorhallsdóttir, A.G. 2020. Hva er betyðningen av beitedyr? Pengevirke Temahefte: Hvem kan gjøre hva for klimaet? ISSN 1399-7734/ Online: ISSN 1901-2020. www.cultura.no.

Guðný Zoëga. 2020. Landið sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi – ritdómur. Árbók hins íslensks fornleifafélags, 2020.

Guðný Zoëga og Kári Gunnarsson 2020. Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar XIII – byggðasögu-rannsókn. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2020/225.

Guðný Zoëga. 2020. Skagfirska kirkjurannsóknin I. og II. Hluti - skráning mannabeina. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2020/228.

Guðný Zoëga. 2020. Karlsskáli í Reyðarfirði - fornleifaskráning. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2020/230.

Guðný Zoëga. 2020. Kirkjuból og Krossavík - fornleifaskráning. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2020/231.

Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir. 2020. Er vitað hversu þungan knapa íslenski hesturinn getur borið með góðu móti? (Spurningu svarað á vísindavef HÍ, 4. mars).

Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir. 2020. Eru allir hestar sem eru albinóar blindir? (Spurningu svarað á vísindavef HÍ, 25.febrúar).

Sigríður Sigurðardóttir. 2020. Viðhorf til nytja- og minjagildis torfbygginga. Rannsóknir um minjaarf I - torfbyggingar. Skýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. 109 bls.

Sigríður Sigurðardóttir. 2020. Viðhorf til torfbygginga í ferðaþjónustu. Rannsóknir um minjaarf II. Skýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. 42 bls.

Sigríður Sigurðardóttir. 2020. Gestir meta torfbæi. Rannsóknir um minjaarf III - torfbyggingar. Skýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. 29 bls.

Skipulagning íslenskra og alþjóðlegra ráðstefna

Skúli Skúlason. Sat í Scientific Committee fyrir The fourth conference of the Nordic Society Oikos Reykjavík 2 – 5 March 2020. Stýrði pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar „The fourth conference of the Nordic Society Oikos“ Reykjavík 2 – 5 March 2020.

Skúli Skúlason. Skipulagning Gæðaráðstefnu Háskólans á Hólum 28. ágúst 2020; ráðstefna á Zoom í samstarfi við gæðaráð íslenskra háskóla (www.qef.is) um niðurstöður stofnunar-úttektar (Institutional Wide Review) á háskólanum. Sjá: http://holar.is/radstefna_um_gaedi_haskola, http://holar.is/radstefna_um_nidurstodur_gaedauttektar_haskolans; sjá líka upptöku:

<https://vimeo.com/463768089>

Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	553.200.000	456.900.000
Aðrar tekjur		17.378.000	13.659.457
Seld þjónusta	3	24.612.854	25.583.672
Vörusala		68.491.431	45.768.148
Framlög og ýmsar tekjur	4	170.342.291	173.045.685
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	2	12.119.942	10.428.991
Tekjur samtals		846.144.518	725.385.953
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	544.335.338	468.179.739
Framlög og tilfærslur	6	31.409.733	41.310.302
Annar rekstrarkostnaður	7	230.225.187	206.167.104
Afskriftir	8	12.119.942	10.428.991
Gjöld samtals		818.090.200	726.086.136
Afkoma fyrir fjármagnsliði		28.054.318	(700.183)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		834.767	330.330
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(646.607)	(661.659)
		188.160	(331.329)
Afkoma ársins		28.242.478	(1.031.512)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		52.152.211	32.778.790
Rekstrartilfærslur		(23.909.733)	(33.810.302)
		28.242.478	(1.031.512)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		54.468.680	46.528.924
Farartæki og vélar		11.694.820	10.915.457
Aðrar eignir		358.883	358.883
Fasteignir		12.322.830	0
		<u>78.845.213</u>	<u>57.803.264</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	110.882	110.882
		<u>110.882</u>	<u>110.882</u>
Fastafjármunir samtals		<u>78.956.095</u>	<u>57.914.146</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	37.876.359	57.041.536
Tengdir aðilar	12	496.848	496.848
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	2.524.732	6.737.434
Handbært fé	14	2.021.897	158.207
Veltufjármunir samtals		<u>42.919.836</u>	<u>64.434.025</u>
Eignir samtals		<u>121.875.931</u>	<u>122.348.171</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		(24.710.233)	(52.952.711)
Eigið fé samtals		<u>(24.710.233)</u>	<u>(52.952.711)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	20.169.172	51.856.365
Viðskiptaskuldir		18.896.590	21.134.184
Ýmsar skammtímaskuldir	16	58.295.129	56.865.118
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	49.225.273	45.445.215
Skuldir samtals		<u>146.586.164</u>	<u>175.300.882</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>121.875.931</u>	<u>122.348.171</u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

